

**Ed.**

### **354. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um breytt skipulag Söfnunarsjóðs Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um þessa tillögu, og hefir því klotnað. Tillagan hefir verið rædd á fundum nefndarinnar, og á einum fundi með forstöðumanni Söfnunarsjóðsins, sem gaf þær upplýsingar, að vöxtur Söfnunarsjóðsins væri um 100 þúsund krónur á ári, og væri það regla sín að láta jarðarveðslán ganga fyrir lánum út á hús, þegar þesskonar lánbeiðnir lægju fyrir, með því hann teldi jarðarveð tryggara fyrir sjóðinn en húsaveð.

Á hinn bóginn taldi hann það geta valdið sjóðnum verulegum hnekki, ef fyrirskipað yrði með lögum, að sjóðurinn skyldi eingöngu lána út á jarðarveð, með því sumir, sem legðu fje í sjóðinn, áskildu, hvernig því væri varið til lána. Enn fremur tjáði hann nefndinni, að ógerningur væri fyrir Söfnunarsjóðinn að hafa eftirlit með því, hvort fjenu, sem sjóðurinn lánar, er varið til ræktunar í sveit eða endurbygginga á sveitabæjum og nýbýlum, því þó svo væri áskilið í skuldabryfi, þá gæti lántakandi varið fjenu til alls annars, án þess Söfnunarsjóðurinn gæti um það vitað, sem hefir fyrir markmið að halda rekstrarkostnaðinum sem mest niðri.

Á næsta fundi átti prófessor Eiríkur Briem, stofnandi Söfnunarsjóðsins, viðtal við nefndina. Benti hann á tilgang sjóðsins; hann væri ekki sá, að vera lánsstofnun, þó hann auðvitað yrði að ávaxta fje sitt, heldur væri tilgangur hans að hjálpa almenningi til að spara saman fje fyrir eftirtímann og að ávaxta það sem best, svo að þjóðinni í framtíðinni yrði sem mest lið að. Það væri tilgangurinn. Eins benti hann á, að megnið af fje sjóðsins væri óuppsegjanlegt, sem lagt væri inn í sjóðinn undir þeim lögum, sem gilt hafa fyrir sjóðinn frá upphafi, og sje því ekki heimilt að breyta lögum, innstæðueigendunum í óhag.

Það kom ljóslega fram af viðtalinu við prófessorinn, að regla hans, eins og núverandi forstöðumanns Söfnunarsjóðsins, hefði verið þau 35 ár, er hann stjórnaði Söfnunarsjóðnum, að láta lán út á jarðir sitja í fyrirrúmi, og fullyrti hann, að í sinni tíð hefði aldrei komið fyrir, að slík lán hefðu ekki verið veitt.

Minni hluti nefndarinnar hefir nú lagt til, í nefndaráliti á þskj. 332, að tillagan verði samþykkt gerbreytt.

En samkvæmt fengnum upplýsingum er tillagan í þessu móti alveg óþörf og að eins móðgun við stofnanda Söfnunarsjóðsins og einnig við forstjóra hans,

sem hefir lýst yfir því við nefndina, að hann myndi halda þeirri sömu stefnu viðvikjandi lánveitingum, sem hann hingað til hefir haft.  
Vjer leggjum því til, að tillagan verði feld.

Alþingi, 10. apríl 1924.

Sig. Eggerz,  
formaður,  
með fyrirvara.

Björn Kristjánsson,  
fundaskrifari.

Jóhann P. Jósefsson,  
framsögumaður.